

## **Opnir bekkjarfundir hjá 5. 6. og 7. bekk**

Foreldrum var boðið á opna bekkjarfundi með nemendum í 5. – 7. bekk. Til umræðu voru gildi skólans og hvernig orðfæri, viðmót og umgengni styðja þessi gildi.

Í Olweusarkönnuninni sem var lögð fyrir 4. – 7. bekk í nóvember kom berlega í ljós að ljótt orðbragð og uppnefningar er eitthvað sem nemendur skólans upplifa og þá kannski helst á skólalóðinni og þegar fullorðnir eru ekki til staðar.

Á bekkjarfundunum var rætt um mikilvægi þess að vera jákvæður og sýna jákvætt viðhorf til annarra. Flestir voru sammála því að neikvæð umræða í þjóðfélaginu, aukin notkun tölvuleikja sem og sjónvarpsþættir með þeim Sveppa, Audda og Steinda hafi nokkur áhrif á nemendur og þá ekki alltaf á jákvæðan hátt.

Einnig var rætt um skilning á mismunandi aðstæðum nemenda og að lífið er ekki alltaf jákvætt og skemmtilegt. Foreldrar töluðu um að nauðsynlegt væri að æfa sig í jákvæðu hugarfari og gott væri að kenna krökkunum jákvæða nálgun á hlutina. Nokkuð var rætt um hvernig krakkarnir gætu brugðist við þegar neikvæðar athugasemdir skella á þeim og komu þar margar góðar uppástungur um leiðir. Allir voru sammála um að börnin ættu láta einhvern fullorðinn vita ef þau upplifa neikvætt orðbragð eða uppnefningar.

Að lokum ræddu flestir hóparnir um að nemendur, starfsmenn skólans og foreldrar tækju höndum saman og einbeittu sér að jákvæðu hugarfari, orðfæri og viðbrögðum okkar allra. Lögð verður áhersla á umræðuna í skólanum eftir páska og síðan tekið aftur upp á haustdögum á bekkjarfundum.